

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings vegna Stórhóls – Hjarðarholts á Húsavík.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. janúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. desember 2025.

Í breytingunni felst að þetta á byggðina og fjölga íbúðum á ÍB8, ÍB9 og ÍB10 um allt að 80. Skilgreindar eru nýjar lóðir fyrir allt að 60 íbúðir í fjölbýlishúsum, raðhúsum og einbýlishúsum auk þess sem fjölga má skráðum íbúðum í þegar byggðum húsum um allt að 20 íbúðir, þannig að einbýlishús geti breyst í tvíbýlishús.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. janúar 2026.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 5. febrúar 2026